

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál númer 2/2000-2001

Kærandi: Guðbrandur Guðmundsson, formaður Foreldra- og kennarafélags Engjaskóla.

Kærði: Reynir Traustason, blaðamaður á DV

Kæruefni:

Frásögn DV af fundi Foreldra- og kennarafélags Engjaskóla undir fyrisögninni „Skólabörn eru notuð við eiturlyfjasölu“, hinn 12. september 2000 og viðtal við meintan dópsala daginn eftir. Reynir Traustason, blaðamaður á DV, sendi nefndinni varnarbréf í tölvupósti. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2., 23. og 30. október.

Málavextir:

Mánudagskvöldið 11. og þriðjudagskvöldið 12. september héldu Engjaskóli og Foreldra- og kennarafélag Engjaskóla foreldrafundi þar sem umræðuefnið var foreldrasamstarf og bekkjarbragurinn í skólanum, allt frá öðrum bekk upp í þann tíunda. Þar kom meðal annars upp umræða um fikniefni. „Nokkrir foreldrar lýstu áhyggjum sínum og ótta yfir að í hverfinu byggju eiturlyfjaneytendur og jafnvel eiturlyfjasalar, sem beittu börnum fyrir sig við sölu efnanna“, eins og segir í kæru Guðbrands Guðmundssonar.

DV fær fréttir af þessum fundum og birtir frétt þar sem þessi áhyggjuefni eru rakin af föður drengs úr skólanum og viðbragða skólustjórans leitað. Jafnframt er birt daginn eftir viðtal við meintan dópsala, sem ber af sér sakir. Auk þess birti DV fleiri fréttir um málið. Kærandi fer þess á leit við siðanefnd BÍ að hún meti hvort fréttaskrif þessi fari í bága við siðareglur Blaðamannafélags Íslands og tiltekur sérstaklega fyrstu og þriðju grein siðaregluna. Kærandi telur að ekki hafi verið rétt af DV að birta þessa frásögn, hún geri aðeins illt verra.

Reynir Traustason segir í varnarbréfi sínu að sér sé það hulin ráðgáta hvort um sé að ræða kæru eða klögumál þar sem spurt sé um smekk nefndarmanna. Hann telur sig hafa sagt satt og rétt frá og fjallað um málið á breiðum grundvelli, meðal annars með viðtali við skólustjóra Engjaskóla og lögregluna auk hinna kærðu fréttu. Hann lýsir yfir fullu sakleysi sínu „varðandi dylgjur um brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands“.

Umfjöllun:

Siðanefnd hefur ekki ástæðu til að efast um að Reynir Traustason hafi sagt satt og rétt frá, enda ber kærandi ekki brigður á það. Málið virðist snúast um það hvort rétt hafi verið að greina frá áhyggjum foreldra af mögulegri fikniefnasölu í Engjahverfi og grun þeirra um að börnum hafi verið beitt við þá sölu. Það er ekki hlutverk siðanefndar að meta það hvort einstakar fréttir hafi góð eða slæm áhrif á tiltekin mál eða málaflokka. Hlutverk siðanefndar er að kanna hvort farið sé að siðareglum við skrif og birtingu fréttu. Í þessu tilfelli er skrifað um viðkvæmt mál, en það er daglegt brauð í fjölmiðlum.

Fikniefnavandinn er ekki einkamál einstakra hverfa í borginni og málið var rætt á fundi, sem var opinn stórum hópi fólks. Það er mat nefndarinnar að í þessu tilfelli hafi reglurnar


ekki verið brotnar og að Reynir Traustason hafi vandað vinnu sína og leitað áhlits þeirra aðila er málið varðaði, meðal annarra skólastjórans og lögreglunnar. Á hinn bóginn telur nefndin að ekki sé gætt nægilegrar varkárni í upplætti á forsiðu og fyrirsögn fréttarinnar þar sem fullyrt er að börn selji eiturlyf. Sú fullyrðing er ekki studd nægilegum rökum í fréttinni sjálfri.


Úrskurður:


Kærði, Reynir Traustason, telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.


Reykjavík 30. 10. 2000


Þorsteinn Gylfason


Hjörtur Gíslason


Hreinn Pálsson


Stefán Eggertsson


Sigurveig Jónsdóttir